

Kostnaður þjálfara vegna móta og leikja

Stakir leikir

- Íslandsmót
- Faxaflóamót
- Æfingaleikir

Mót og æfingaferðir

- Dagsmót
- Lengri mót innanlands
- Utanlandsferðir
- Keppnis- og æfingaferðir innanlands
- Keppnis- og æfingaferðir erlendis

Dagsferðir

Þjálfurum HK eru ekki greiddar neinar greiðslur aukalega fyrir verkefni sem klárast á einum degi hvort sem þau eru á vegum HK eða KSÍ.

Þetta á við um staka leiki og dagsmót óháð því hvort þau eru innanbæjar eða ekki.

Kostnaður vegna móta- og æfingaferða innanlands

Kostnaður til þjálfara vegna móta og æfingaferða er greiddur af iðkendum viðkomandi flokks og skiptist hlutfallslega eftir fjölda iðkenda (Heildarkostnaður vegna móta og æfingaferða skiptist í mótsgjald + sameiginlegan kostnað).

Barna- og unglingaráð HK greiðir kostnað ef verkefni/mót er á vegum KSÍ.

Gisting

Þjálfurum HK er útveguð gisting í þeim mótum og verkefnum þegar svo ber undir. Þörf á gistingu skal metin á haustin þegar viðburðadagatal liggur fyrir. Yfirþjálfari hvers flokks skal kanna með gistimöguleika eins fljótt og kostur er svo hægt sé að fá gistingu á sanngjörnu verði. Yfirþjálfari knattspyrnudeildar yngri flokka skal samþykkja áður en gisting er staðfest. Þó þjálfurum standi til boða að gista í skólastofum eða öðru sambærilegu á mótum þá vill BU ekki bjóða þjálfurum sínum upp á slíka aðstöðu.

Ferðakostnaður

Miðast skal við að þjálfarar geti ferðast á eigin vegum í mót og verkefni flokksins ef þeir kjósa. Þjálfarar skulu samt sem áður leitast eftir því að ferðast sambíla eins og kostur er.

Þjálfari sem leggur til bíl fær greiddan eldsneytiskostnað miðað **23 kr. pr. km** (endurskoðað í upphafi hvers tímabils).

| Mót | Fram og til baka (KM) | Keyrsla innanbæjar | Samtals |
|--------------------|-----------------------|--------------------|---------|
| N1 mótið á Akueyri | Um 780 km | 50 km (5 dagar) | 830 |
| Sauðárkrókur | Um 580 km | | 580 |
| Orkumótið/TM mótið | Um 270 km | | 270 |

Kostnaður þjálfara vegna móta og leikja

Matarpeningar

Matarpeningar til þjálfara skulu vera 7.500 kr. á dag á meðan á móti stendur. Armbönd eru ekki keypt hjá mótshaldara. Þetta fyrirkomulag hentar betur þar sem vaktir þjálfara eru oft langar og stangast á við skipulagðan matartíma á mótum.

Kostnaður vegna móta og æfingaferða erlendis

Kostnaður til þjálfara vegna móta og æfingaferða er greiddur af iðkendum viðkomandi flokks og skiptist hlutfallslega eftir fjölda iðkenda (Heildarkostnaður vegna móta og æfingaferða skiptist í þátttökugjald + sameiginlegan kostnað).

Gisting og ferðakostnaður

Allur ferða- og uppihaldskostnaður er greiddur fyrir þjálfara sem fara á erlendis með viðkomandi flokki. Þjálfari á að hafa kost á að gistingu á hóteli þó flokkurinn sjálfur sé í skólagistingu eða öðru sambærilegu.

Dagpeningar

Hver þjálfari fær 10.000kr. á dag sem honum er frjálst að ráðstafa.



Kostnaður þjálfara vegna móta og leikja

Kostnaðaráætlun

Upplýsingum um kostnað skal koma áleiðis til tengiliðar í flokksráði viðkomandi flokks, eins fljótt og kostur er. Tengiliðir sér um að gera kostnaðaráætlun fyrir viðkomandi mót. Hann styðst við template af excelskjali sem Barna- og unglingaráð hefur hannað til að styðjast við þegar heildarkostnaður vegna móta og æfingaferða er áætlaður fyrir iðkendur.

Yfirþjálfari knattspyrnudeildar kemur skjalinu áleiðis til þjálfara viðkomandi flokks sem áframsendir á tengilið flokksráðs.

Dæmi um template fyrir mót og æfingaferðir innanlands

Forsendur sem settar eru inn í skjalið geta verið mismunandi – fer eftir mótum hvað felst í mótsgjaldi iðkanda. Hjá sumum er liðsstjóraarmband innifalið/ öðrum þarf að kaupa og svo framvegis. Matarkostnaður fyrir iðkendur er oft ekki há fjárhæð þar sem flokkar fá oft á tíðum matargjafir.

| | | | |
|--|--|---|-------------|
| Mótsgjald fyrir iðkanda | | | |
| Sameiginlegur kostnaður* | | | |
| Þátttökugjald iðkanda | | | |
| | | | |
| Sameiginlegur kostnaður: | | Kostnaður | |
| Þjálfarakostnaður**: | | | pr. iðkanda |
| - <i>Gisting</i> | | | |
| - <i>Eldsneytiskostnaður</i> | | | |
| - <i>Matarpeningur</i> | | | |
| Matur fyrir iðkendur | | | pr. iðkanda |
| Armbönd fyrir liðsstjóra | | | pr. iðkanda |
| Staðfestingargjald pr. lið | | | pr. iðkanda |
| Samtals sameiginlegur kostnaður | | Hér kæmi summutala* (Sameiginl.kostn/fjöldi) | pr. iðkanda |
| Fjöldi iðkanda | | | |
| Fjöldi þjálfara | | | |
| Fjöldi liðsstjóra/fararstjóra | | | |

**Þjálfarakostnaður: Hér er sett heildartalan út frá upplýsingum sem verða í excelskjalinu (formúlur ábakvið)

Kostnaður þjálfara vegna móta og leikja

Innanlandsmót yngri flokka sem hafa verið undanfarin ár

7. fl.kk: Ekkert gistingmót en helgarmót á Akranesi og Selfossi

7.fl.kvk: Ekkert gistingmót og ekki helgarmót úti á landi

6.fl.kk: Gistingmót á Akureyri yfir veturinn og Eyjar yfir sumartímann, eitt helgarmót á Selfossi þar sem er ekki gisting

6.fl.kvk: Gistingmót á Sauðárkrók og Akureyri og eitt helgarmót þar sem er ekki gisting

5.fl.kk: Gistingmót á Akureyri yfir sumartímann og eitt helgarmót þar sem er ekki gisting

5.fl.kvk: Gistingmót í Eyjum og eitt helgarmót þar sem ekki er gisting

